

Washington Irving og „Rip Van Winkle“

Bandaríski rithöfundurinn Washington Irving (1783–1859) var nefndur í höfuðið á forsetanum George Washington. Irving fæddist í New York-borg og var móðir hans af enskum uppruna en faðirinn skoskum. Hann nam lög en hélt síðan í tveggja ára leiðangur um Evrópu. Þegar heim var komið gaf hann út bókina *History of New York* (1809) þar sem sögumaðurinn Diedrich Knickerbrocker segir sögur frá árdögum hollensku nýlendunnar þar í borg. Sögunum var svo vel tekið að nafnið Knickerbrocker varð eitt af auðkennum New York-borgar og lifir enn í heiti körfuboltaliðs borgarinnar, New York Knicks.¹

Sagan „Rip Van Winkle“, sem hér fer á eftir, birtist í safninu *The Sketch Book of Geoffrey Crayon, Gent* sem kom út á árið 1819. Hún spratt af lestri Irvings á þýskum bókmenntum og þá ekki síst þjóðsögum. Hann lagði sig eftir þýskri tungu í seinni dvöl sinni á Englandi – fór þangað aftur eftir andlát eiginkonu sinnar – og las þá og reyndi að þýða ævintýrið um Peter Klaus geitahirði.² Peter tekur eftir því að ein af fallegustu geitunum hans hverfur iðulega úr haganum græna og kemur ekki aftur fyrr en að kvöldi. Einn daginn eltir hann geitina og hittir þá hestasvein sem gefur honum merki um að fylgja sér. Hestasveinninn leiðir hann í skúta þar sem tólf gamlir riddarar eru að leik. Hann tekur þátt í leiknum en lognast að lokum út af og er svo kominn í græna hagann á ný þegar hann

1 Ann Charters, *The Story and its Writer, An Introduction to Short Fiction*, 6. útgáfa. (Boston, New York: Bedford/St. Martin's, 2003), 679.

2 Sama heimild, 679.

vaknar. Hann heldur inn í þorpið en þekkir ekki fólkið sem á vegi hans verður og gamlir vinir reynast sumir hverjir hafa safnast til feðranna. Að lokum sér hann unga konu með lítið barn. Þegar hann spyrst fyrir um föður konunnar segir hún að hann hafi horfið fyrir tuttugu árum. Það var þá hann sjálfur.³

Til eru margar slíkar svefnsögur í sagnasjóði heimsins, allt frá Asíu og Suður- Grikklandi til Orkneyja, en sagan af geitahirðinum Klaus er talin hafa orðið kveikjan að sögunni „Rip Van Winkle“ sem Irving ku hafa skrifað á júnínóttu árið 1818.⁴ Fræðimenn eru sammála um að sagan sé í hópi fyrstu vel heppnuðu smásagnanna sem skrifaðar voru vestanhafs og reyndar í heiminum. Staldra má við þá staðreynd að ein af fyrstu bandarísku sögunum sem náðu inn í hefðarveldi bókmenntanna skyldi sækja þetta mikið af efnivið sínum til Evrópu, það mikið að Irving var vændur um ritstuld.⁵ „Rip Van Winkle“ telst til smásagna fremur en þjóðsagna vegna þess m.a. að höfundurinn ljær Rip sértæk mennsk einkenni, ekki síst þau að vera latur til ærlegra verka og skaprauna með því nöldur-samri konu sinni. Samanburður á sögunum tveimur sýnir því vel muninn á þjóðsögu og smásögu en sú síðarnefnda var einmitt að fæðast þarna á fyrri hluta 19. aldar og einkennist m.a. af raunsæislegum persónum fremur en goðsagnakenndum.

Sagan ber upprunans mót en til þess að leyna því lætur Irving sér ekki nægja þann ramma sem felst í hinum skáldaða sögumanni bókartitilsins, Geoffrey Crayon, heldur þykist Crayon hafa fundið söguna „í fórum Diedrichs heitins Knickerbrockers“. Þar að auki færir Irving söguviðið til Kaatskillfjalla á austurströnd Bandaríkjanna. Aðalatriðið er þó óbreytt – söguhetjan hverfur út í náttúruna og vaknar síðan í breyttum heimi en það minni eða mynstur er algengt bæði í þjóðsögum og smásögum.⁶ Nefna má aðra þekktu smásögu frá þessu tímabili, „Hinn unga herra Brown“

3 „Peter Klaus the Goatherd“, sama heimild, 1545–1547.

4 Philip Young, „Fallen from Time: The Mythic Rip Van Winkle, sótt 7. sept. 2021 af: https://www.jstor.org/stable/4334064?seq=1#metadata_info_tab_contents.

5 Sherlyn Abdo, „“Before Daybreak”: The Unfinished Quest of Washington Irving’s Headless Horseman“ í Anna-Teresa Tymieniecka (ritstj.), *The Elemental passion for place in the ontokpa-iesis of life: passions of the soul in the Ontopoiesis of Life, Analecta Husserliana, The Yearbook of Phenomenological Research*, bindi XLIV (1995), 149.

6 Susan Lohafer, *Reading for Storyness – Preclosure Theory, Empirical Poetics, and Culture in the Short Story* (Baltimore og London: The Johns Hopkins University Press, 2003), 19.

eftir Nathaniel Hawthorne, þar sem söguhetjan fer inn í skóg og verður ekki söm á eftir.⁷ Í tilfalli Rips skýrist breytingin af iðnbyltingunni og nýfengnu sjálfstæði Bandaríkjanna. Þegar hann sofna er hann þegn breska konungsins en vaknar í landi sem hefur brotist undan honum. Jafnframt er Rip launuð hjálpsemin – hann hjálpar leiðsögumanni sínum að bera vínkút upp fjallið – með því að færa hann yfir á æviskeið sem gerir honum kleift að losna undan þeim kröfum um vinnusemi sem gerðar voru til hans á yngri árum. Nú getur hann notið þess í skjóli dóttur sinnar að hafa sína hentisemi. Að því leyti hefur hann einnig hlotið visst sjálfstæði þótt slæpingsháttur hans sé enn meira á skjön við tíðarandann en áður.

Bent hefur verið á að Irving nýti sér m.a. norræna goðafræði í fjallakaflanum. Þar tæli Loki hann inn í frjósemisathöfn goðanna. Tilvitnunin í leikrit Cartwrights sem fylgir sumum útgáfum sögunnar, og hér er höfð með, vísar til Óðins. Við keiluspilið í fjallinu verða til þrumur og þar glittir í þrumuguðinn sjálfan, Þór, sem enn blundar í heiti fimmtudags í ensku máli. Þá séu hrafnarnir sem flöggra yfir Rip endurómur af Hugin og Munin, könnunarhröfnum Óðins. Fyrirmyndin að hringleikahúsinu sé í rauninni Valhöll og Rip hafi því álpast inn í heiðna helgiathöfn sem hann endurfæðist síðan úr inn í breyttan heim.⁸

Það fer ekki framhjá nútímalesanda að höfundur horfir kynjuðum augum á persónur sínar. Í ytri tíma sögunnar, á seinni hluta 18. aldar, var gert ráð fyrir að eiginmaður tileinkaði sér ráðandi karlmennsku (e. *hegemonic masculinity*) og stýrði sínu búi og sinni konu af festu. Iðnbyltingin gerði aukinheldur þá kröfu að mönnum félli helst aldrei verk úr hendi. Rip rækir aftur á móti ekki skyldur sínar gagnvart fjölskyldu sinni og búi, reglubundin vinna í anda kapítalismans er eitru í hans beinum. Slæpingur hugnast honum best og hann kvartar sáran undan nöldri konu sinnar þegar hún reynir að fá hann til að sinna skyldum sínum eins og tíðarandinn bauð. Í stað þess að líta á hana sem fulltrúa metnaðar og framfara er gert lítið úr henni sem kristallast m.a. í því að henni er ekki gefið

7 Sagan heitir „Young Goodman Brown“ á frummálinu en íslensk þýðing greinarhöfundar birtist í *Milli mála* 6. árg. 2014, sjá hér: <https://ojs.hi.is/millimala/article/view/1885/899>.

8 Philip Young, „Fallen from Time: The Mythic Rip Van Winkle“. *The Kenyon Review* 22. bindi, nr. 4 (haust, 1960), 547–573, sótt 7. sept. 2021 af: https://www.jstor.org/stable/4334064?seq=1#metadata_info_tab_contents, 561–566.

nafn í sögunni. Hún er gerð að blóraböggli hins nýja þjóðskipulags kapitalismans og þeirra viðmiða sem Benjamin Franklin talaði fyrir. Samúðin er með slæpingjanum Rip sem endar á því að flýja til fjalla, undan konu sinni og þar með samfélagskyldum sínum. Hann er meira að segja feginn að hún skuli vera látin þegar hann snýr aftur.⁹

Irving gleypsti ekki einungis við kynjamynstri síns tíma heldur fékk hann söguþráðinn líka að láni eins og áður sagði. Það var algengt á öldum áður. Irving leit svo á að sagan sjálf – þá á hann væntanlega við atburðarásina – væri einungis rammi til þess að strekkja efnið á. Hann lagði því meira upp úr atriðum á borð við tón, persónusköpun og stíl. Í stað hins andlitslausa sögumanns þjóðsagnanna kemur sögumaður með persónulega rödd og skynjun. Í „Rip Van Winkle“ notar Irving spaugilegan tón til þess að fjalla um þjóðfélagsbreytingu sem varð á ótrúlega skömmum tíma vest-anhafs. Hann sagðist einnig kjósa að skrifa stuttar sögur fremur en langar vegna þess að í stuttum ritsmíðum þyrfti hver síða að standa fyrir sínu.¹⁰

Erlendis hafa orðið til margar hliðarafurðir af sögunni, allt frá brú yfir Hudsonfljót til myndasagna, barnabóka, sjónvarpsþátta og tónverka. Leikrit sem Max Frisch byggði á sögunni var þýtt af Jökli Jakobssyni og flutt í Ríkisútvarpinu árið 1963 og endurflutt árið 1992.¹¹ Sagan birtist í íslenskri þýðingu í *Vikumni* árið 1966 en án athugasemdar D.K. aftast.¹² Þýðanda er ekki getið en hann fer ansi frjállega með textann og leyfir sér mun meiri frávík en tíðkast nú á dögum, svo mikil að á köflum liggur við að hann hafi umsamið textann. Þó að þýðingin sem hér birtist sé mun nær frumtextanum hef ég í fáeinum tilvikum leyft mér að taka orð eða orðasamband úr

9 Hanieh Vahabi, „Troubled Masculinity in Washington Irving’s “Rip van Winkle and “The Legend of Sleepy Hollow” in the Historical Context of Antebellum America”. Sótt 7. sept. 2021 af: <https://www.diva-portal.org/smash/get/diva2:519041/FULLTEXT01.pdf> og Lydia Maria Child, „Hilda Silfverling. A Fantasy“. *Legacy*, 2. bindi, nr. 2 (haust 1985), 45–53, sótt 7. sept. 2021 af: https://www.jstor.org/stable/25678937?seq=1#metadata_info_tab_contents.

10 Valerie Shaw, *The Short Story – A Critical Introduction* (London og New York: Longman, 1983), 159–163 og Charles E. May, *The Short Story – The Reality of Artifice* (New York: Twayne Publishers, 1995), 6–7.

11 Sjá: <https://timarit.is/files/8975120> og <https://timarit.is/files/17905469>.

12 *Vikan* 42. tbl. (1966). Sótt 10. ágúst 2021 af: <https://timarit.is/page/4453006?iabr=on#page/n11/mode/2up>.

Þýðingunni í *Vikunni* til handargagns enda finnst mér ekkert óeðligt við það að þýðendur leiti þannig í smíðju forvera sinna þegar sögur eru þýddar aftur, sé þess getið. Sú þýðing sem hér birtist er eigi að síður gjörólík eldri þýðingunni og því eru þær báðar börn síns tíma.